

LAND



pósturinn

FRÉTTABRÉF FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

20.árg. 2. tbl, maí 2008

Ábm.: Edward H. Huijbens, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík

www.landfraedi.is

**Vorþing, 9. maí kl. 13.00**

Árlegt Vorþing Félags landfræðinga verður haldið í Norræna húsinu, kl. 13.00 – 18.00, föstudaginn 9. maí í samvinnu við félag umhverfisfræðinga og félag skipulagsfræðinga á Íslandi. Kaffi á fundinum og léttar veitingar eftir þingið verða í boði félagsins, en eftir fundinn verða samantekin ráð um mat og drykk.

Dagskrá er sem hér segir:

- 13.00: Setning vorþings og ávarp formanns  
13.15: Opnunarerindi

*Anður Sveinsdóttir*, dósent og brautarstjóri umhverfisskipulags við Landbúnaðarháskólann

- 14.00: Kynningar félagsmanna á rannsóknnum sínum

*Sigríður Arnardóttir*, skrifstofustjóri laga og stjórnarsýslu hjá Umhverfissráðuneyti – Landskipulag  
*Emil Bóasson* Beiting landfræðilegra upplýsingakerfa við greiningu þjónustukjarna  
*Páll Stefánsson* Vatnsvernd í skipulagi

- 15.30: Kaffi  
16.00: Kynningar félagsmanna á rannsóknnum sínum

*Björn Guðbrandur Jónsson* framkvæmdastjóri samtakanna Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs  
*Stefanía G. Halldórsdóttir* og *Geir Borg* – Náttúruvefsjá  
*Björn Traustason* – Stærð skóglendis á Íslandi

- 17.30: Fundi slitið og léttar veitingar



Vorþing FL, kl: 13.00, föstudaginn 9. maí  
Norræna Húsið

*Takið daginn frá!*

## Tveir laußléttir

### Rúmfræðileg kortlagning kattarins



Billy-Joe was great on sport but lousy on geography.


Vilhjálmur-Jóhannes var mikill íþróttamaður en frekar slakur í landfræði.

## Landabréfið 2008

Ritstjórn Landabréfsins kallar eftir greinum og ritgerðum í tímaritið sem áætlað er að komi út haustið 2008. Æskilegt er að greinar berist fyrir 1. júlí 2008. Þær fara þá í yfirlestur og ritrýningu. Ábendingar og tillögur um efnistösk og hugmyndir eru einnig vel þegnar.

Ritstjórn vill einnig benda á möguleikann á að senda inn bóka gagnrýni eða aðra rýni sem á erindi til landfræðinga.

Ritstjóri Landabréfsins er Karl Benediktsson: [kben@hi.is](mailto:kben@hi.is)



## Hýsing heimasíðu FL

Heimasíða félagsins hefur verið nokkuð á hrakhólum eftir að hún var endurhönnuð. Nú hefur leysts úr því máli og hýsing kominn til Háskóla Íslands þar sem vefurinn [www.landfraedi.is](http://www.landfraedi.is) verður opnaður von bráðar.

Titill vefsíðunnar var samþykktur á aðalfundi og var Stefaníu Guðrúnu Halldórsdóttur, stjórnarmeðlim, falið að leiða málið til lykta í samvinnu við Karl Benediktsson.

[www.landfreadi.is](http://www.landfreadi.is)

## Sumarið framundan

Nú er framundan sumar með sól í heiði og blóm í haga. Þá flykkjast landfræðingar til fjalla eða sveita hvort heldur er vegna vinnu eða til sumarleyfa. Óskar stjórnin öllum félagsmönnum gleðilegs sumars en í haust mun starfið hefjast af krafti með nýnemakynningu við HÍ og síðan Haustþingi. Undirbúningur þess er þegar hafin að og verður líklegast tengdur umræðu um landslag.

Allar aðrar hugmyndir og ábendingar er varða starfsemi félagsins eru vel þegnar og má beina til formanns Edward H. Huijbens, [edward@unak.is](mailto:edward@unak.is)

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að leita eftir samstarfi við fleiri félög um útgáfu Landabréfsins. Var formanni og ritstjóra falið að ákveða hvað félög það skyldu vera og nálgast þau. Að neðan er bréfið sem sent var.



**FÉLAG LANDFRÆÐINGA**  
Pósthólf 5391, 125 Reykjavík

Akureyri, 8. apríl 2008

Til: Stjórnar félags umhverfisfræðinga  
félags skipulagsfræðinga á Íslandi  
félags mannfræðinga  
félags þjóðfræðinga  
félags háskólamenntaðra ferðamálafræðinga

#### **EFNI: TILNEFNING FULLTRÚA Í RITNEFND LANDABRÉFSINS**

Félag landfræðinga vill bjóða félaginu að tilnefna fulltrúa til þriggja ára í ritnefnd *Landabréfsins* – *tímarits Félags landfræðinga*.

*Landabréfið* kemur út árlega og verður árið 2008 gefinn út 24. árgangur. Í ritinu eru birtar fræðilegar greinar sem byggja á rannsóknum, styttri greinar og umræður, ásamt ritdómum og öðru efni sem snertir landfræði eða skyld fræðasvið, til að mynda skipulagsfræði, umhverfisfræði og ferðamálafræði.

Tímaritið hefur nú síðustu ár, eða frá 2002, verið ritrynt. Sama vinnulag er viðhaft og almennt tíðkast í vísindatímaritum. Handrit að lengri fræðilegum greinum eru send til tveggja viðurkenndra sérfræðinga, sem gefa rökstutt álit um hvort handritið sé hæft til birtingar og hvort gera þurfi tilteknar breytingar. Ritryningin hefur skilað mun vandaðra efni en ella. Vísindasvið Háskóla Íslands hefur lagt mat á gæði ritryningarferilsins og metur birtingu greinar í tímaritinu til 10 rannsóknastiga.

Á 25 ára afmæli *Landabréfsins* á næsta ári verða gerðar nokkrar breytingar. Við vonumst til að tímaritið eignist breiðari lesendahóp og víðari faglega skírskotun. Með það fyrir augum hefur verið ákveðið að bjóða nokkrum fagfélögum þeirra greina sem standa hvað næst landfræði að tilnefna fulltrúa í ritnefnd. Samtímis verður leitað til nokkurra innlendra og erlendra vísindamanna um að taka sæti í nefndinni. Með þessu ætti að takast að tryggja tímaritið í sessi sem mikilvægan vettvang umræðu um umhverfi og samfélag.

Virðingarfyllst

---

Karl Benediktsson  
Ritstjóri Landabréfsins

---

Edward H. Huijbens  
Formaður Félags landfræðinga